

Verklagsreglur vegna leiðsagnar undir handleiðslu starfandi leiðsögumanns

Eftirfarandi eru verklagsreglur varðandi leiðsögn undir handleiðslu starfandi leiðsögumanns skv. 14. gr. laga 64/1994, 9. mgr. 5. lið. Skilyrði þetta þurfa allir að uppfylla til að geta hlotið leyfi sem leiðsögumaður.

Skilyrði sem leiðsögumaður þarf að uppfylla til að handleiða tilvonandi leiðsögumenn:

- Vera starfandi leiðsögumaður með hreindýraveiðum
- Hafa næga reynslu af hreindýrleiðsögn og verið virkur á síðustu árum
- Hafa í heildina leiðsagt minnst 50 hreindýraveiðimönnum
- Hafa farið minnst 25 ferðir á því svæði sem um ræðir

Til að veiðiferð með reyndum leiðsögumanni uppfylli skilyrði þarf veiðiferðin að hafa skilað árangri, þ.e. að dýr hafi veiðst í ferðinni.

Atriði sem varðandi leiðsögumaður þarf að uppfylla:

- Undirbúningur veiðiferðar (í samráði við veiðimenn og leiðsögumann)
 - Kynna sér hvar hefur sést til dýra
 - Athuga veðurspá
 - Ákvarða hvert skal fara
- Fundur með veiðimönnum
 - Kanna hvort öll leyfi séu til staðar og réttu mennirnir séu á veiðum
 - Fara yfir með veiðimönnum hvert ferðinni sé heitið
 - Tilhögun veiða, t.d. ef fleiri en einn veiðimaður að forgangsraða mönnum ofl.
- Lagt af stað
 - Tilkynna sig og veiðimenn á veiðislóð
 - Í tilkynningu komi fram nafn leiðsagnanema, hver er leiðsögumaður og veiðimenn.
 - Tilkynna þarf sérstaklega til Umhverfisstofnunar ef nemi er með í ferð
- Á veiðistað
 - Sé virkur í að finna dýr
 - Þegar dýr eru fundinn geta sett upp áætlun hvernig nálgast skuli dýrin.
 - Þegar dýr er fellt, merkja dýr, taka punkt og áætla aldur og þyngd
 - Taka innan úr eða leiðbeina við innanúrtöku
 - Gera ráðstafanir varðandi kælingu

- Gera ráðstafanir til að flytja dýr af veiðislóð
- Ef þarf geta flegið dýr, hlutað niður eða leiðbeint varðandi það
- Að veiðum loknum
 - Tilkynni lok veiðiferðar til Umhverfisstofnunar, fram komi nafn nema, leiðsögumanns, númer felldra dýra og fellistaður
 - Taki þátt í og sjái til að veiðiskýrsla sé rétt út fyllt
 - Geti haft milligöngu um að koma dýri í vinnslu ef við á

Skýrsla

Til að teljast hafa lokið verklegri þjálfun þarf tilvonandi leiðsögumaður (nemi) að skila skýrslu í gegnum gagnagátt Umhverfisstofnunar sem síðan er undirrituð rafrænt af leiðbeinanda.

Forskráð skýrsluform (aðgengilegt á gagnagátt):

1. Nafn leiðsögumanns
2. Nafn nema
3. Númer dýra sem felld voru
4. Fellipunktur
5. Lýsing á veiðiferð
 - a. Hvaðan var haldið af stað og hvert var farið
 - b. Lýsing á ferðaleið
 - c. Veður
 - d. Lýsing á veiðinni (stærð hjarðar o.s.frv.)
6. Aðgerð og flutningur á kjöti. Var dýrið stykkjað niður, dregið á þotu o.s.frv. Hvert var farið með skrokkinn, hvernig gekk fláning fyrir sig og annað sem skipt getur máli.
7. Myndir